

Í tilefnisflokkinn **Ónæmisaðgerðir** eru skráð samskipti við nemendur eða forráðamenn þeirra tengd bólusetningum.

Algengustu hjúkrunarviðfangsefni (HV) í heilsuvernd skólabarna tengd ónæmisaðgerðum eru sett fram í stafrófsröð og helstu hjúkrunarmeðferðirnar (HM) sem eiga við.

### **Skilgreining á hjúkrunarviðfangsefnum (HV):**

Skilgreining er gefin við hvert HV í eftirfarandi töflu og einnig eru taldar upp þær HM sem eiga helst við. Sú HM sem Ískrá hakar sjálfkrafa við þegar viðkomandi HV er valið er lituð rauð. Ef sú HM á ekki við er hægt að ‚afhaka‘ hana með því að smella á hakið og haka í þá HM sem við á.

Hjúkrunarviðfangsefni (HV)	Skilgreining	Hjúkrunarmeðferð (HM)
<b>Aukaverkanir bólusetninga</b> <input type="checkbox"/> Hiti <input type="checkbox"/> Ofnæmislost* <input type="checkbox"/> Óþægindi <input type="checkbox"/> Roði á stungustað <input type="checkbox"/> Svimi <input type="checkbox"/> Yfirið <input type="checkbox"/> Annað <input type="text"/>	<p>Samskipti við forráðamann/nemanda vegna <a href="#">aukaverkana</a> sem nemandinn fékk við eða eftir bólusetningu.</p> <p>Haka þarf í undirflokkana, hægt er að haka í fleiri en einn ef við á. Ef hakað er í ‚Annað‘ þarf að skrá hvaða aukaverkun það er.</p> <p>Einungis er þörf á að skrá lýsingu í samskiptin þegar aukaverkunin er ‚Ofnæmislost‘ en alvarlegar aukaverkanir ber að tilkynna til <a href="#">Lyfjastofnunar</a>.</p>	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Heimferð <input type="checkbox"/> Hvíld, umönnun, nærvera <input type="checkbox"/> Mæling lífsmarka <input type="checkbox"/> Skyndihjálp <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input type="checkbox"/> Tilvísun á bráðamóttöku <input type="checkbox"/> Tilvísun til læknis <input type="checkbox"/> Tilkynning til Lyfjastofnunar
<input type="checkbox"/> Fyrirspurn	<p>Forráðamaður/nemandi óskar eftir upplýsingum um bólusetningu, bóluefni eða þær bólusetningar sem nemandinn hefur fengið.</p>	<input checked="" type="checkbox"/> Upplýsingar veittar <input type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir
<input type="checkbox"/> Hræðsla við sprautur	<p>Nemandi, sem er <u>mjög</u> hræddur við sprautur og þarf aðstoð forráðamanns eða sérstaka aðstoð SHS*. Nemandi sem t.d. skelfur eða grætur af hræðslu og tekur talsvert af tíma SHS* til að samþykkja bólusetninguna.</p>	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input checked="" type="checkbox"/> Hvatning <input checked="" type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input type="checkbox"/> Eftirfylgd <input type="checkbox"/> Tilvísun á heilsugæslustöð
<input type="checkbox"/> Hætta á ofnæmisviðbrögðum	<p>Samskipti við forráðamann nemanda sem er í <u>aukinni hættu</u> á að fá <a href="#">ofnæmisviðbragð við bólusetningu</a>, t.d. vegna ofnæmis EÐA sem hefur áður fengið alvarleg ofnæmisviðbrögð við bólusetningu.</p>	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input checked="" type="checkbox"/> Tilvísun á heilsugæslustöð <input checked="" type="checkbox"/> Eftirfylgd

<input type="checkbox"/> <b>Ófullnægjandi ónæmisaðgerð*</b>	<p>a) Nemandi <a href="#">vantar</a> ónæmisaðgerð miðað við aldur skv. bólusetningar-grunni Sóttvarnalæknis. Mikilvægt er að fram komi í lýsingu samskiptanna hvaða bólusetningu vantar.</p> <p>b) Forráðamaður <a href="#">afþakkar</a> <a href="#">bólusetningu</a>. Nauðsynlegt að fá staðfestingu á höfnun skriflega frá forráðamanni. Í því sambandi væri nóg að líma (paste) staðfestingu frá forráðamanni úr tölvupósti inn í lýsingu/framvindu samskiptanna.</p> <p>c) SHS* hefur samskipti við forráðamann sem telur barn sitt fullbólusett, án þess að geta lagt fram staðfest gögn.</p>	<input checked="" type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input checked="" type="checkbox"/> Tilvísun á heilsugæslustöð <input checked="" type="checkbox"/> Eftirfylgd <input type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Höfnun vistuð í sjúkraskrá <input type="checkbox"/> Upplýsingar veittar
<input type="checkbox"/> <b>Upplýsingar frá forráðamanni*</b>	<p>Forráðamaður veitir upplýsingar um bólusetningar barns síns <a href="#">áður</a> en SHS* hefur óskað eftir því. Hér er <a href="#">frumkvæðið forráðamanna</a> að samskiptunum.</p>	<input checked="" type="checkbox"/> <b>Upplýsingar móttækna</b> <input type="checkbox"/> Eftirfylgd <input type="checkbox"/> Tilvísun á heilsugæslustöð
<input type="checkbox"/> <b>Annað</b> <input type="text"/>	<p>Möguleiki að skrá inn nýtt HV ef ekki er hægt að nota nein af ofantöldu.</p>	

\*SHS = Starfsmaður í heilsuvernd skólabarna

\*fyrir aftan HV = skrá þarf lýsingu í samskiptin til að geta lokað þeim.